STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

# Vinnuskóli Strandabyggðar 2020

Vinnuskóli Strandabyggðar er metnaðarfullt tómstundastarf unnið í samstarfi tómstundafulltrúa, áhaldahúss og ungmenni á svæðinu. Í vinnuskólanum er unglingum skapað öruggt og gefandi starfsumhverfi þar sem ungmenni kynnast fjölbreyttum störfum, temja sér vinnusiðferði og marka sér stefnu fyrir framtíðina. Umsjónarmaður vinnuskólans sumarið 2020 verður Sigríður Drífa Þórólfsdóttir.

Vinnuskólinn verður starfræktur frá **2. júní til 13. ágúst** en lengd vinnudags og fjöldi vinnuvikna fer eftir fæðingarári.

Ef einhver þarfnast sérstakra ráðstafanna vegna búsetu, vinnugetu eða hvers sem er vinsamlegast hafið samband við Aðalbjörgu tómstundafulltrúa með góðum fyrirvara.

*Athugasemdir og spurningar berist til Aðalbjargar S., tómstundafulltrúa, tomstundafulltrui@strandabyggd.is eða í síma 4513511/6967046*

Með ósk um gott, skemmtilegt og lærdómsríkt sumar
Fyrir hönd Vinnuskólans,

Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir
Tómstunda-og íþróttafulltrúi Strandabyggðar

## Reglur Vinnuskóla Strandabyggðar

1. Einstaklingur sem sækir um starf í Vinnuskóla Strandabyggðar er með umsókn sinni að lýsa áhuga á að taka þátt í starfi skólans, vinna samviskusamlega þau verk sem honum eru falin og taka virkan þátt í öllum viðburðum skólans.

| aldur | Fæðingarár | fjöldi vinnuvikna | lengd vinnudags | vinnutími | vinna hefst | vinnu lýkur | útborgun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 13 | 2007 | 2 | hálfur | 08.00-12.00 | 3.jún | 16.jún | 30.jún |
| 14 | 2006 | 4 | hálfur | 08.00-12.00 | 3.jún | 30.jún | 30.jún |
| 15 | 2005 | 6 | hálfur | 08.30-12.00 | 3.jún | 15.júl | 30.6 og 31.7 |
| 16 | 2004 | 8 | heill | 08.00-17.00 mán-fimmtud og til 12.30 á föstud | 2.jún | 30.júl | 30.6 og 31.7 |
| 17 | 2003 | 10 | heill | 08.00-17.00 mán-fimmtud og til 12.30 á föstud | 2.jún | 13.ágú | síðasta dag mán |
| 18 | 2002 | 10 | heill | 08.00-17.00 mán-fimmtud og til 12.30 á föstud | 2.jún | 13.ágú | síðasta dag mán |

2. Vinnuskólinn er í boði fyrir börn fædd árin 2002-2007. Hér er skipulag sumarsins:

STRANDABYGGÐ
SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

**Reglur Vinnuskóla Strandabyggðar**

3. Einstaklingur sem sækir um starf í Vinnuskóla Strandabyggðar er með umsókn sinni að lýsa áhuga á að taka þátt í starfi skólans, vinna samviskusamlega þau verk sem honum eru falin og taka virkan þátt í öllum viðburðum skólans.

4. Vinnuskólinn er í boði fyrir börn fædd árin 2002-2007. Hér er skipulag sumarsins:

   Unnið verður alla virka daga, hálfsdags vinna frá kl. **8:00 til kl. 11:30**. Heilsdags vinnu frá **8:00-17:00** mánudaga til fimmtudaga og **8:00-12:00** á föstudögum. Þeir einstaklingar sem eru í heilsdags vinnu taka klukkutíma matarhlé. Ekki er reiknað með að nemendur fari heim eða í verslun í kaffihlé á vinnutíma. Mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega til vinnu bæði að morgni og eftir matarhlé..

5. Klæðnaður þarf að vera í samræmi við veður og vinnuaðstæður. Persónulegir munir og fatnaður nemenda eru ekki tryggðir og verða ekki bættir af sveitarfélaginu.

6. **Veip,-tóbaks-og vímuefnanotkun ásamt neysla orkudrykkja er að sjálfsögðu <u>alfarið bönnuð</u>, líka í pásum. Notkun farsíma eru ekki leyfð nema í samráði við leiðbeinanda.**

7. Nemendum er skipt í vinnuhópa sem eru breytilegir eftir þörfum og verkefnum. Verkefnin eru margvísleg og þurfa nemendur því að vera viðbúnir breytingum, t.d. á vinnusvæði og vinnutíma.

8. Athugið að aðrir vinnuveitendur leita oft umsagnar hjá umsjónarmanni vinnuskólans varðandi ráðningar starfsfólks. Haldið verður utan um mætingu nemenda hjá umsjónarmanni vinnuskóla og fá nemendur umsögn að starfstíma loknum hjá honum/henni.

9. Forsjáraðilar þurfa að tilkynna umsjónamanni vinnuskólans um veikindi og ofnæmi nemenda svo mögulegt sé að taka tillit til þess. Vinnuskólinn áskilur sér rétt til að biðja um læknisvottorð telji umsjónarmanni þörf á því. Ef nemandi þarf að taka frí frá vinnu skal forsjáraðili óska eftir því við umsjónamann með **minnst tveggja daga** fyrirvara.

10. Ef upp kemur atriði í vinnuskólanum sem þið eruð ósátt við, þá er gott að ræða málin við ykkar yfirmann eða foreldra. Með samtali er hægt að vinna úr málunum, þótt það sé stundum erfitt. Munið að vera kurteis og sýna kurteisi, hlustið og krefjist þess að á ykkur sé hlustað.

**<u>--Geymið þessar upplýsingar---</u>**